



Sveinn Ingi Ólafsson, framkvæmdastjóri Verkís.

VB-MYND BIG.

Atvinnulíf Verkís - nýtt nafn í verkfræðigeiranum með 250 starfsára reynslu að baki

Undirbúningi stóriðjuverkefna verði haldið áfram

Fimm verkfræðistofur hafa nú sameinað krafta sína undir nafninu Verkís sem býr yfir mikilli þekkingu á sviði orku- og stóriðjuuppbyggingar. Telur Sveinn Ingi Ólafsson framkvæmdastjóri afar mikilvægt að Íslendingar fórnir ekki þeirri þekkingu þótt nú sverfi að um sinn.

HÖRÐUR KRISTJÁNSSON
hkr@vb.is

Sveinn Ingi Ólafsson, framkvæmdastjóri verkfræðistofunnar Verkís, segir afar mikilvægt að stjórnvöld haldi uppi dampi í undirbúningi fyrir frekari orku- og stóriðjuuppbyggingu.

„Ég tel að Íslendingar eigi að leggja mikla áherslu á orku- og stóriðjugeirann til að fleyta okkur í gegnum þetta erfiða efnahags-tímabil. Þar á að leggja áherslu á verkefni þar sem erlendir fjárfestar koma inn með fjármagn. Þótt það séu tímabundin vand-

ræði varðandi fjárfestingar í slíkum verkefnum á þessari stundu, þá eru þetta verkefni sem greiða sjálf niður sínar fjárfestingar. Slík uppbygging skapar mjög mörg störf og þá oft hálaunastörf og síðan fjölda framtíðarstarfa í kjölfarið. Okkur veitir því ekkert af að halda öllum jarnum áfram í eldinum, en ekki draga þau út þó á móti blási. Þar eigum við að leggja áherslu á orkuviðnað og stóriðju þó að sjálfsögðu verði líka mikil áhersla lögð á sjávarútveg, ferðapjónustu og sprotafyrirtæki.

Mikilvægt að viðhalda þekkingu

Við teljum mikilvægt að virkja áfram okkar grænu orku og selja síðan ráðgjöf og þjónustu á því sviði um allan heim.

Ég tel mjög varasamt að slá af í þessum efnum því það gæti þýtt að við gætum misstum mikið af því unga fólki sem vinnur í verkfræðigeiranum til útlanda eða í aðrar greinar. Það myndi því gera okkur mun erfiðara fyrir að byggja þekkinguna upp sem út-

flutningsgrein í framtíðinni.

Við höfum líka reynt að halda því sjónarmiði á lofti í yfirstandandi kreppu að það eru engin verkefni eins vinnuafslafrek og undirbúningur og hönnun. Þar er vinna einstaklinganna 100% af kostnaðinum og fer beint út í þjóðfélagið sem velta. Þar að auki er hagkvæmt að halda þessu gangandi, því undirbúningur verkefna verður þá kominn lengra á veg þegar fjármunir fást til framkvæmda. Þá yrði hægt að vinna verkin í framhaldinu mun hraðar en ella, segir Sveinn.

Samþjöppun í verkiðnaði

Mikil samþjöppun hefur orðið hjá verkfræðistofum landsins á liðnum misserum. Í apríl á þessu ári sameinuðust Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsson (VST) og verkfræðistofan Raftækning. Úr varð fyrirtækið VST- Raftækning hf. 21. nóvember sl. varð síðan enn stærri sameining þegar Verkís varð til við samruna VST- Raftækning

ingur hf., Fjarhitunar hf., Fjölbreyttunar ehf. og RT-Rafagnatækni ehf.

Með samrunanum varð til mjög öflugt og framsækið ráðgjafarfyrirtæki sem leggur áherslu á fyrsta flokks þjónustu á öllum sviðum verkfræðiráðgjafar og skyldum greinum. Hjá Verkís starfa um 340 manns að fjölbreyttum verkefnum á Íslandi og erlendis.

Sveinn Ingi Ólafsson, framkvæmdastjóri Verkís, segir að fyrir þessa samruna hafi verið mikil samvinna í gangi í áraradír á milli VST og Raftækninga. „Við unnum mikið saman í virkjunum, við hjá VST á véla- og byggingasviðinu, en Raftækning á rafmagnssviðinu. Allar þessar stofur hafa starfað saman í gegnum tíðina. Sameiningin var því ákveðin fyrir það efnahagsbakslag sem dundi yfir nú í haust. Það gerði menn hins vegar enn staðfastari í að fara í þessa sameiningu.“

“

Ég held þó enn að Íslendingar eigi að leggja mikla áherslu á orku- og stóriðjugeirann til að fleyta okkur í gegnum okkar vandræði. Þar á að leggja áherslu á verkefni þar sem erlendir fjárfestar koma inn með fjármagn.

Heildarþjónusta á breiðu sviði
Tilgangur sameiningarinnar nú var að sögn Sveins að breikka starfssviðið og búa til fyrirtæki sem getur boðið upp á heildarþjónustu á öllu verkfræðisviðinu.

„Þá hefur þróun markaðans kallað á stærri ráðgjafa þar sem við erum stöðugt að fást við stærri og stærri verkefni. Þar má nefna Kárahnjúkavirkjun, álverin, jarðgufuvirkjanir, stór samgönguverkefni, stórhýsi og fleira. Þessir stóru viðskiptavinir kölluðu á stærri og öflugri ráðgjafa sem er ein af megin ástæðunum fyrir því að við fórum út í sameiningu. Þá hefur líka orðið samþjöppun á markaðnum sem við erum að svara með sameiningunni.

Við erum með starfsemi á sjö stöðum á landsbyggðinni og nú eftir sameiningu á fjórum stöðum í Reykjavík. Við stefnum þó að því að höfuðstöðvar okkar verði bara á tveim stöðum á nýju ári, þ.e. að Ármúla 4 - 6 og á Suðurlandsbraut 4 þar sem Raftækning

ing og Fjarhitun voru með sitt aðsetur. Nú erum við með tæplega 300 starfsmenn í Reykjavík.“

Sveinn segir að starfsemi einyrkja í verktakastétt hafi farið minnkandi, enda gangi einyrkjastarfið alls ekki upp í stórum verkefnum. Þar séu gerðar miklar kröfur um gæðakerfi og verkferla sem ekki er á færi annarra en stórra fyrirtækja að halda uppi. Þá séu stærri fyrirtækin samkeppnishæfari og geti boðið starfsmönnum sínum fjölbreyttara og skemmtilegra vinnuumhverfi. Það sé mikilvægur þáttur í ljósi þess að síðastliðinn áratug hafi verkfræðistofurnar verið í gríðarlegri samkeppni um starfsfólk við ýmsar aðrar greinar eins og fjármálagæirann.

Með 250 starfsára reynslu

Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen er elsta verkfræðistofan sem stendur að Verkís. Hún var stofnuð árið 1932 og hefði því orðið 76 ára á þessu ári. Þetta var fyrsta einkarekna verkfræðistofan á landinu. Stofnandinn Sigurður Thoroddsen var frumkvöðull á þessu sviði og var fyrsti sjálfstætt starfandi ráðgjafaverkfræðingurinn hér á landi. Allir aðrir verkfræðingar á undan honum höfðu starf að hjá hinu opinbera, eða opinberum stofnunum. Allar hinar fjórar stofnunar hafa líka verið frumkvöðlar, hver á sínu sviði. Þær voru stofnaðar á árabílinu 1960 til 1970. Allt eru þetta því tiltölulega gömul fyrirtæki og mjög reynd. Samanlagður starfsaldur þessara fimm fyrirtækja er 250 ár.

Þá hafa þessi fyrirtæki átt þátt í langflestum stórframkvæmdum á Íslandi í marga áratugi. Þar má nefna nær allar vatnsaflsvirkjanir landsins og flest allar jarðgufuvirkjanir og hitaveitur.

HRV Engineering í samvinnu við Mannvit

„Í dag tökum við svo þátt í stóruverkefnum í gegnum fyrirtækið sem við eigum með verkfræðistofunni Mannviti. HRV Engineering hefur unnið við uppbyggingu álvers Fjarðaáls í Reyðarfirði, Norðuráls í Hvalfirði og er nú að vinna við álver Norðuráls í Helgúvík. Sömuleiðis hefur það unnið fyrir Rio Tinto Alcan við álverið í Straumsvík. Bæði Verkís og Mannvit leggja HRV Engineering til mannskap.“

Sveinn segir að samvinnan við Mannvit í gegnum HRV Engineering sé á mjög afmörkuðu sviði þar sem einkum er verið að keppa við erlend fyrirtæki en ekki aðra íslenska verkfræðinga. Því hafi samkeppnisýfirvöld ekki litið þetta samstarf hornauga.

Í alþjóðlegri samkeppni

„Í orkugeiranum þar sem við höfum verið stórir mjög lengi höfum við fengið okkar stærstu verkefni í alþjóðlegum útböðum. Þar höfum við verið að keppa við erlendar verkfræðistofur og þá í sumum tilfellum myndað hópa með erlendum stofum til að gera tilboð. Dæmi um slíka samvinnu var Kárahnjúkavirkjun þar sem

við leiddum hóp sem hannaði virkjunina. Við vorum þar með íslenska starfsmenn í um 60-70% af allri hönnunartönnunni. Við styrktum okkur hins vegar með erlendum sérfræðingum þar sem þörf var á.“

Orku- og stóriðjugeirinn veigamikill

Sveinn segir að um 40% verkefna þessarar nýju samsteypu sé í orku- og stóriðjugeiranum. Um 30% er í byggingageiranum og önnur 30% í samgönguframkvæmdum, umhverfismálum og slíkum verkefnum.

„Það er nokkuð öruggt að afleiðingin af þessari efnahagskreppu sem nú ríður yfir verður sú að byggingageirinn verður mjög daufur næstu misserin og jafnvel lengur. Við sjáum hvaða áhrif það er að hafa á stöðu arkitekta í dag og eins verða áhrifin í þeim hluta af okkar starfsemi sem snýr að byggingariðnaðinum. Það veltur því mikið á því fyrir okkur hvort framhald verður á orku- og stóriðjuuppbyggingunni á næstunni. Við teljum mjög mikilvægt í öllu tali um efnahagsuppbyggingu að þeim verkefnum verði haldið gangandi að stjórnvöld passu upp á að þessi verkefni lognist ekki alveg út af þrátt fyrir fjármögnunarvandráði. Ef það gerist verður mjög erfitt að koma þeim í gang að nýju.“

Verkefni sótt til útlanda

Hefur ekki verið erfitt að fá verkefni fyrir allan þennan mannskap eftir að svona stóru verkefni eins og hönnun Kárahnjúkavirkjunar lauk?

„Auðvitað þarfnast svona stór stofa stórra verkefna. Stofan byggir á því að það sé líflegt í efnahagslífinu og staðan er þar erfiðari núna en áður var. Það eru mörg stór verkefni í farvatninu þótt nú sé tímabundinn vandi einkum út af fjármögnun.“

Getið þið brúað þann vanda að einhverju leyti með verkefnum erlendis?

„Já við reynum mjög stíft núna að komast í verkefni í útlöndum. Það er ein af þeim leiðum sem við verðum að halda uppi á meðan á þessari niðursveiflu stendur. Það er mest í orkugeiranum. Þar höfum við verið að hanna virkjanir á Grænlandi í nokkur ár. Við höfum þar verið í samstarfi við Ístak og Phil&Son. Einnig höfum við verið að vinna í Austur-Evrópu og í jarðhitaverkefnum í Tyrklandi, Mið-Ameríku og víðar. Þá erum við að skoða verkefni, m.a. í fyrrum Sovétlýðveldum. Við erum því með öll járn úti.“

Við höfum samt þurft að fækka svölitið mannskap út af því að hægt hefur verið á Helgúvíkurverkefninu, þar sem við höfum lagt til hluta af mannskap hjá HRV. Þar störfuðu í heild um 90 manns á verkfræðisviði þegar best lét í lok október.

Nú þegar er verið að endurskoða verkefnið leiðir það af sér að mun færri vinna við það á meðan. Að öðru leyti höfum við sloppið nokkuð vel,“ segir Sveinn Ingi Ólafsson.



Þórður Guðmundsson forstjóri Landsnets: „Strax í upphafi næsta árs munum við óska eftir því að eignir verði færðar til raunvirðis í ljósi verðlagsbreytinga.“

VB MYND/AXEL JÓN

Stóriðja Landsnet hefur orðið að bregðast við slækkandi eiginfjárhlutfalli

Uppgjör í erlendri mynt til skoðunar

Landsnet glímur við lækkandi eiginfjárhlutfall í kjölfar lækkunar á gengi krónunnar á endurmati eigna.

SIGURÐUR MÁR JÓNSSON
siggi@vb.is

Landsnet hf. er fjögurra ára gamalt fyrirtæki sem sér um rekstur á rafmagnsdreifikerfi landsins. Félagið er að stærstum hluta í eigu Landsvirkjunar og fór af stað með eiginfjárhlutfall upp á 21% fyrir fjórum árum sem að sögn Þórðar Guðmundssonar, forstjóra félagsins, var talið mjög ásættanlegt á þeim tíma. Það byggðist meðal annars á þeirri reynslu að félög sem þessi gætu búið við til þess að gera lágt eiginfjárhlutfall enda rekstur þeirra talin stöðugur og jafn. Eftir þær sviptingar sem hafa gengið yfir að undanförunu er hins vegar svo komið að félagið er með neikvæða eiginfjárstöðu. Í nfu mánaða uppgjóri félagsins var hlutfallið enn jákvætt, sem nam 6,3%. Að sögn Þórðar er handbært fé frá rekstri umtalsvert og sömuleiðis rekstrarhagnaður. „Lausafjárstaðan er því mjög sterk og rekstrarhæfi félagsins mjög gott. Okkar eina vandamál er þessi reikningslega stærð sem tengist eigin fé. Vandkvæði okkar þegar horft er til framtíðar eru þau sömu og annarra fyrirtækja á landinu almennt séð, að aðgangur að lánsfé er takmarkaður í bili og lítil sem enginn. Við horfum til þess að því muni létta og fyrirtæki eins og Landsnet eru almennt talin mjög traustur aðili. Við bindum vonir við það að okkur muni ekki reynast erfitt að sækja fé þegar við þurfum þess.“

Skoða innlendan lánamarkað

Landsnet hefur greint frá áformum sínum um uppbyggingu raforkukerfisins á suðvesturhorn-

inu. Að sögn Þórðar er gert ráð fyrir því að félagið ráðist í framkvæmdir upp á um 10 milljarða króna á næsta ári og sagði Þórður að félagið gæti hugsanlega fjármagnað um þrjá til fjóra milljarða króna úr eigin reikningi. Félagið þarf eigi að síður að sækja út á lánamarkað sértaklega ef framkvæmdir við Helgúvík fara af stað samkvæmt þeim áætlunum sem Norðurálsmenn hafa gefið út.

Heildarfjárbörð við að byggja upp raforkukerfið á suðvesturhorninu er um 22 milljarðar króna en að sögn Þórðar mun það gerast í áföngum sem ráðast af öðrum en þeim. „Í eðli sínu er starfsemi Landsnets þannig að hún kemur í humátt á eftir öðrum aðilum sem hafa tekið ákvarðanir. Við byggjum engar línur ef engin þörf er fyrir flutninginn og enginn kemur með nýjar virkjanir inn á kerfið. Þá þurfum við eðli málsins samkvæmt ekki að byggja línur. Við erum því háðir öðrum og aðlögunum okkur að tímasetningu annarra varðandi framkvæmdir.“

Að sögn Þórðar hefur félagið hafið skoðun á því hvaða möguleika innlendum lánamarkaður gefur. Engar ákvarðanir um aðkomu að honum hafa þó verið teknar. „Við vildum geta fjármagnað okkur í erlendri mynt vegna þess að framkvæmdirnar sem við erum að tala um núna eru öðru fremur vegna verkefna sem tengjast tilkomu nýrra virkjananna og stórnotenda.“ Gjaldskrá til þessara aðila er í erlendri mynt og sagði Þórður að henni hefði verið breytt fyrir ári til þess að geta lækkað fjármagnskostnað Landsnets. Þegar til fyrirtækisins var stofnað var það með öllu inni á íslenskum lánamarkaði.

Færa eignir til raunvirðis

Þórður sagði að það blasti við að á sama tíma og þetta væri að eiga sér stað væru eignir mjög van-

metnar. „Strax í upphafi næsta árs munum við óska eftir því að eignir verði færðar til raunvirðis í ljósi verðlagabreytinga. Þá mun eigið fé breytast umtalsvert og verða að öllum líkindum jákvætt á ný.“ Þessi breyting mun ekki koma fram í uppgjöri þessa árs og því gæti eigið fé verið neikvætt um næstu áramót. Þórður sagði að það myndi ekki hafa áhrif á lán félagsins. „Það er ekk-

“

Lausafjárstaðan er því mjög sterk og rekstrarhæfi félagsins mjög gott.

ert í þeim samningum sem við höfum sem setur slíkt ferli í gang og lánardrottinnar eru sémilega sáttir við stöðuna.“

Eins og áður sagði þá er Landsvirkjun að tveimur þriðju í eigu Landsvirkjunar sem gerir upp sína reikninga í Bandaríkjadöllum. Landsnet er því hluti af samstæðuuppgjöri Landsvirkjunar. Aðrir eigendur eru Orkuveita Reykjavíkur, Orkubú Vestfjarða og Rarik. „Árið í ár er fyrsta árið sem við fáum meira en 50% tekna okkar í erlendri mynt. Nú hefur ríkisstjórnin ákveðið að gera fyrirtækjum heimilt að gera upp í erlendri mynt og við munum skoða hvort okkur sé heimilt að gera slíkt. Það er ekki sjálfgefið að það sé svo en þetta er eitt af þeim atriðum sem við munum að sjálfsgöðu skoða vegna þess að þetta gæti haft mjög jákvæð áhrif á okkar niðurstöðu.“